



Hafnarfjörður

2108789 – Álver Ísal, nýtt starfsleyfi

Umhverfis- og framkvæmdaráð

Umsögn

Í vöktunaráætlun er gert ráð fyrir að hún gildi óbreytt til ársins 2029. Umhverfis og framkvæmdaráð leggur til að vöktunaráætlun verði samþykkt til skamms tíma, þ.e. til 1. október 2023 eða með endurskoðunarákvæði. Sá tími verði nýttur til ítarlegrar endurskoðunar áður en áætlunin verði samþykkt til lengri tíma.

Einnig er lagt til að lagt verði mat á fjölda og staðsetninga á loftgæðastöðvum í samráði við Umhverfisstofnun í stað þess að miðað sé við að aðeins ein stöð verði sett upp.

Umhverfis- og framkvæmdaráð ítrekar að ef til kemur stækkun álversins og tvöföldun ársframleiðslu skal fara fram nýtt umhverfismat og endurskoðun starfsleyfis.

Fh Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Sigurður Haraldsson